

LÖG

um Landeyjahöfn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að styrkja samgöngur milli lands og Vestmannaeyja með því að setja reglur um uppbyggingu og rekstur ferjuhafnar í Bakkafjöru í Landeyjum, Rangárþingi eystra, sem hefur hlotið heitið Landeyjahöfn.

2. gr.

Fjármögnun og yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn málefna Landeyjahafnar nema annað sé ákveðið í öðrum lögum og annast Siglingastofnun Íslands þátt ríkisins samkvæmt lögnum nema lög kveði á um annað.

Landeyjahöfn skal byggð og rekin fyrir framlög úr ríkissjóði eins og þau eru ákveðin í samgönguáætlun og fjárlögum hverju sinni.

3. gr.

Eignarhald og rekstur hafnarinnar.

Landeyjahöfn er að fullu í eigu íslenska ríkisins.

Siglingastofnun Íslands hefur umsjón með byggingu og rekstri Landeyjahafnar, ber ábyrgð á rekstri hennar og fer með verkefni hafnarstjórnar samkvæmt hafnalögum. Notendum hafnarinnar er heimilt að skjóta ákvörðunum Siglingastofnunar, öðrum en gjaldskrár-ákvörðunum, til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

Með rekstri hafnarinnar er átt við forræði yfir höfn og hafnarsvæði, þ.m.t. uppbygging hafnarinnar, viðhald og rekstur.

Eignum og tekjum Landeyjahafnar má aðeins verja í viðhald og rekstur hafnarinnar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að gera þjónustusamning um rekstur hafnarinnar og hefur eftirlit með framkvæmd hans. Um hann gilda reglur um þjónustusamninga ríkisins.

4. gr.

Eignarnámsheimild.

Samgönguráðherra er heimilt að ákveða, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands, að ríkið taki eignarnámi nauðsynlegt land fyrir Landeyjahöfn, enda komi fullar bætur fyrir.

Landeiganda ber að leyfa efnistöku í landi sínu á því efni sem þarf til hafnargerðarinnar, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Þá er samgönguráðherra heimilt að ákveða, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands, að ríkið taki eignarnámi land er þarf fyrir varnargarða meðfram Markarfljóti og Álunum og sjóvarnargarða, svo og land til þess að gera brautir og vegi er því tengjast.

Samgönguráðherra afhendir Siglingastofnun Íslands þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi skv. 1. og 2. mgr.

Það er ekki skilyrði þess að eignarnám skv. 1. eða 2. mgr. geti farið fram að áður hafi verið leitað samninga um land við landeigendur, hvort sem er vegna lands eða efnistöku.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta fer eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Landgræðsla.

Landeiganda er skylt að heimila uppgræðslu sands á Bakkafjöru sem nauðsynleg er að mati Siglingastofnunar Íslands og Landgræðslu ríkisins til að hefta sandfok við Landeyjahöfn og aðkomuvegi að höfninni án þess að til komi bætur. Mörk landgræðslusvæðis eru frá stórstraumsfjöruborði í suðri, Bakkflugvelli og upp að Álunum í norðri, Markarfljóti í austri og vatnsleiðslu Vestmannaeyjabæjar í vestri.

Landeigandi hefur ekki heimild til að nýta land sem ræktað er samkvæmt ákvæði þessu til beitar eða á nokkurn annan hátt nema með samþykki Landgræðslu ríkisins.

6. gr.

Reglugerðarheimild.

Heimilt er að setja reglugerð um Landeyjahöfn þar sem m.a. mörk hafnarinnar bæði á sjó og landi eru nánar tilgreind, fram koma starfsheimildir hafnarinnar og heimild til umferðar á hafnarsvæðinu auk annarra atriða er varða öryggi, mengunarvarnir og slysavarnir í höfninni.

7. gr.

Gjaldtökuheimild.

Ráðherra er heimilt að setja gjaldskrá til innheimtu gjalda vegna kostnaðar við þjónustu og framkvæmd einstakra verka sem tengjast rekstri Landeyjahafnar. Um gjaldtökuheimild skal taka mið af 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, eftir því sem við á.

Kostnaður við rekstur hafnarinnar greiðist að öðru leyti af framlögum sem ákvörðuð eru í samgönguáætlun í samræmi við ákvæði fjárlaga hvertju sinni.

8. gr.

Gildissvið.

Þar sem lögum þessum sleppir gilda ákvæði hafnalaga, nr. 61/2003, eftir því sem við á.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.